

1 17. jan. part það, að kennendur skólans, einkum rektor, hafi svo miklar annir fyrstu dagana af skólaárinu, og að æskilegt sje, að piltar, sem ganga ætla inn í einhvern af efri bekkjunum, gangi undir prófið með lærisveinum skólans um leið og þeir fara upp í viðkomandi bekk, sumpart það einkanlega, að það sje einmitt lærisveinunum sjálfum í hag, að prófið sje haldið í júnímánuði, og að ekki megi tefja fyrir upptöku hinnar reglulegu kennslu í skólanum vegna inntökuprófa. Það er þá talið sjálfsagt, að ekki sje heimilt að nota neitt af sumarleyfinu til að halda þessi próf.

Ráðaneytið hefir eigi getað sannfærzt um það af þessari röksemdaleiðslu, að nauðsyn sje á að setja strangari skilyrði, svo sem stjórn skólans heldur fram, um heimild fyrir piltar, sem ganga ætla inn í efri bekk skólans, fyrir því að ganga undir inntökupróf í byrjun skólaársins, því að ástæða virðist til fyrir skólaunn, einmitt eptir því sem til hagar á Íslandi, að vera mjög eptirlátur að því er það atriði snertir, á hvaða tíma inntökupróf er haldið. Ráðaneytið felist því á það, að inntökupróf sje venjulega haldið, eins og hingað til, í lok skólaárs hvers, en álitur rjett, að leyfi fáiist til að ganga undir inntökupróf í byrjun skólaárs, eigi einungis þegar ræða er um inntöku í neðsta bekk, heldur og þegar um inntöku í efri bekkina er að ræða, enda sjeu skilyrðin fyrir því að ganga undir inntökupróf á haustin ekki höfð ströng, svo að það t. d., að lærisveinninn þarf að takast á hendur langa eða kostnaðarsama ferð prófsins vegna, skuli ávallt skoða sem forföll á því að mæta við lok skólársins. Ráðaneytið væntir þess jafnframt að stiptsyfirvöldin annizt um, að prófum þessum verði hagam svo, — ef með þarf, með því að nota þar til hina síðustu daga sumarleyfisins, — að eigi þurfi það að tefja fyrir kennslunni í skólanum.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar fyrir hlutadeigendur og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

2 3. jan. **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku-leyfi handa Berufjarðarprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 30. f. m., og beiðni hlutadeiganda, vil eg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Berufirði sira Benedikt Eyjólfsson taki uppá prestakallið 800 kr. embættislán, er endurborgist á 20 árum samfleytt frá lántöku að telja með jöfnum afborgunum, til þess að byggja á prestssetrinu íbúðarhús, 12×6 áln., úr timbri og steini, tvíloptað, með kjallara undir því hálfu, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem nákvæmara er tiltekið í nefndu brjefi yðar. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að vel verði gengið frá húsinu að öllu leyti, og það sannað með skodunargjörð tilkvaddra hæfra manna undir umsjón prófasts; að húsið verði eign staðarins í stað baðstofu, búrs skála og skemmu, að presturinn haldi því í váttrygging gegn eldsvoða fyrir 1200 kr. að minnsta kosti undir eptirliti prófasts, og að presturinn skili því á sinum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.